



Reykjavík 12. ágúst 2024

## Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um áform um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja

Þann 11. júlí síðastliðinn birtust í Samráðsgátt stjórnvalda áform um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp á haustþingi um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja á vegakerfinu sem komi til framkvæmda 1. janúar 2025 (skref nr. 2). Með frumvarpinu er áformað að greitt verði kílómetragjald fyrir notkun allra ökutækja í vegakerfinu eftir fjölda ekinna kílómetra í samræmi við þyngd ökutækja óháð því í hvaða flokki ökutækið er í.

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF hafa farið yfir áformaskjölin og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framafæri.

### Draga mun verulega úr dreifingu ferðamanna um landið.

Nauðsynlegt er að benda á að áformin gera ekki ráð fyrir áhrifum á eftirspurn erlendra ferðamanna sem ráðgera að heimsækja áfangastaðinn Ísland. Bílaleigur á Íslandi sem og víðast hvar leigja bílaleigubíla til ferðamanna almennt með ótakmörkuðum akstri. Ferðamönnum eru því engin takmörk sett um hversu langt frá upphafsstað þeir aka sínum bílaleigubíl.

Verði kílómetragjald lagt á mun bæði eftirspurn eftir Íslandi sem áfangastað skerðast sem og vilji ferðamanna að sækja heim fjarlægari áfangastaði á bílaleigubílum sem og með hópbifreiðum. Álag á Suðurland og Suðvesturland er þó líklegra til að aukast. Í samanburði við önnur lönd mun ferð til Íslands verða enn dýrari áfangastaður þar sem grunnkostnaður við Íslandsferð ( Flug + gisting + bílaleigubíll ) mun hækka umtalsvert við álagningu kílómetragjalds. Ferðamenn eru almennt ekki að skoða verð á eldsneyti áður en ferð er ákveðin. Samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaður ferðamanna mun því skerðast.

### Órökstudd þörf á KM gjaldi fyrir bensín og díselbíla

Samtökin sakna þess að sjá í áformunum haldbær rök fyrir því að færa innheimtu af löggildum mælum við dælu yfir á margskonar kílómetramæla í bílum. Þá benda samtökin á að nokkur frétt næm dæmi hafa komið upp á yfirborðið síðustu misseri sem draga úr áreiðanleika KM mælinga í gegnum ökutæki. Líklegt er að bensín- og díselbílum muni fækka jafnt og þétt næsta aldarfjórðunginn og því skýtur skökku við að vera að gera boðaðar breytingar úr tryggu innheimtukerfi yfir í ringulreiðarkerfi þar sem þeim ökutækjum sem greiða á dælu í dag mun hvort sem er fækka á næstu misserum.

## Núgildandi innheimtukerfi KM gjalds flókið og svifaseint fyrir aðila með stóra bílafloata

Núgildandi innheimtufyrirkomulag km gjalds er mjög flókið og svifaseint fyrir eigendur stærri bílafloata. Þannig hafa forsvarsmenn ökutækjaleiga þurft að veita samstarfsfólki sinn persónulega aðgang að island.is til að skrá KM stöðu í núgildandi kerfi, verklag sem er algerlega óviðunandi. Innheimtuaðilar hafa verið tregir að vinna með ökutækjaleigum að upplýsingagjöf í gegnum innlestur á rafrænum töflum.

Það er gríðarlega mikilvægt að kerfið sé byggt upp með einföld gagnaskil fyrir stærri bílafloata að leiðarljósi. Samtökin telja mun vænlegra að verja kröftum í að einfalda núgildandi innheimtu KM gjalds á hreinorku- og tengiltvinnbíla fyrir eigendur stærri bílafloata. Þannig væri hægt að gera það kerfi eftirsóknavert og skapa hvata til að efla eftirspurn á ferðalögum í vistvænum ökutækjum.

### Umhverfissjónamið að engu höfð

Samtökin sjá enga viðleitni til að gæta að umhverfissjónarmiðum í fyrirliggjandi áformum. Reikna má með að eigendur stærri og eyðslumeiri ökutækja hagnist á því að KM gjald verði lagt á, þrátt fyrir ráðgerða hækkun kolefnisgjalds. Einnig eru eldri ökutæki sem uppfylla ekki sömu umhverfissaðla og nýleg ökutæki að greiða sama kílómetragjald. Þá er óljóst hvernig farið verður með þyngdarstuðla þyngri ökutækja og eftirvagna sem eru af öllum stærðum og gerðum.

### Tryggja þarf samræmi og réttlæti á milli innlendra og erlendra ökutækja

Erlendum ökutækjum er samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi gert að greiða daggjald í stað kílómetragjalds. Samtökin benda á nauðsyn þess að tryggja samræmi og sanngirni á milli innlendra og erlendra ökutækja hvað varðar innheimtu kílómetragjalds

### Álagsgreiðslur vegna vanáætlunar falli ekki á eigendur stærri bílafloata

Samtökin koma á framfæri mikilvægi þess að rekstraraðilar stærri bílafloata sem senda inn áætlun fyrir akstur ökutækja lendi í að greiða álag vegna vantaldra kílómetra. Akstur í rekstri er mjög kvikur og getur sveiflast talsvert á milli margra ökutækja í stórum floata. Því er nauðsynlegt að veita rekstraraðilum stærri floata aukið svigum til að áætla kílómetraakstur án álagsgreiðslna og að sama skapi án uppbóta ef áætlun reynist rífleg.

### Enn einu sinni er ekkert svigrúm til aðlögunar

Samtökin hafa margoft bent á að ferðaþjónusta verðleggur sig allt að 18-24 mánuði fram í tímann og því ætti það ekki að koma á óvart að Samtökin gagnrýna harðlega engan aðlögunarfrest á boðuðum breytingum. Enn og aftur eru stjórnvöld að gera breytingar eða leggja á skatta án þess að veita fyrirtækjum svigrúm til að setja skattabreytingar út í verðlag. Samtökin fara fram á að úr þessu verði ráðið með því að veittur verði ríflegur frestur fyrir gildistöku boðaðra breytinga.

*Virðingarfyllst*

*F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*

*Baldur Sigmundsson, lögfræðingur*

*Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri*